

Skotþing 2002

11.maí 2002

- 1: Halldór Axelsson Formaður STÍ setti þingið og bauð alla velkomna.
- 2: Kosning þriggja manna kjörbréfanendar, Steinar Einarsson, Hilmar Á Ragnarsson, Jón S. Ólason. Fóru þeir yfir kjörbréf og voru öll kjörbréf samþykkt. 23 fulltrúar sitja þingið frá SR, SÍB, ÍFL, SA, SFS, SFK.
- 3: Kosning þingforseta og þingritra. Halldór Axelsson stakk upp á Axel Sölvasyni sem þingforseta og Sveinbirni Mássyni sem þingritara og var það samþykkt. Halldór sagði frá því að ekki væri löglega boðað til fundarins og hvort þingfulltrúar gerðu athugasemdir við þingið. Carl J Eiríksson spurði hvort þetta væri aukþing. Halldór sagði svo ekki vera og bar upp tillögu um að þingið væri löglegt og var hún samþykkt samhljóða.
- 4: Kosning starfsnefnda þingsins. Fjárhagsnefnd: Guðmundur Kr Gíslason, Einar Páll Garðarsson, Steinar Einarsson.
Laganefnd: Kjartan Friðriksson, Steinar Einarsson, Jón S. Ólason.
Allsherjanefnd: Halldór Axelsson, Ingimundur Sigurmundsson, Arnfinnur Jónsson.
- 5: Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína. Halldór sagði frá starfi STÍ fyrir árið 2001. Haldin voru 23 mót á vegum STÍ. Aðildarfélög eru 16 og félagar um 1700. Skotmenn ársins eru Guðmundur Kr Gíslason og Kristín Sigurðardóttir. Halldór sagði frá aðstöðuleysi í útigreinum en innigreinar væru mun betur settar. Skuldastaða STÍ væri slæm og að öll starfsemi fyrir árið 2002 myndi einkennast af því. Verkefni nýrrar stjórnar verði fyrst og fremst að koma fjárhagnum í lag.
- 6: Gjaldkeri leggur endurskoðaða reikninga fram til samþykktar. Einar Páll fór yfir ársreikninga STÍ.
Þingforseti opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Sigríður Jónssdóttir sat fundinn sem gestur frá ÍSÍ og bar kveðju frá þeim. Sigríður sagði frá mjög hertu lyfjaeftirliti á vegum ÍSÍ og að ÍSÍ væri að vinna með stjórn STÍ í fjármálum þess.
Jón S. Ólason sagði frá því að ársreikningurinn væri fyrir árið 2000 og 2001 því ekki vour lagðir fram endurskoðaðir reikningar á síðasta þingi. Skuld upp á kr.470þúsund í ársreikningi er ekki rétt þar sem STÍ skuldar fyrverandi landsliðsþjálfara í skeet Peeter Pakk 1,4 milljón sem ekki kemur fram á ársreikningum. Ársreikningar og skýrsla voru borin upp og samþykkt samhljóða.
- 7: Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Því vísað til fjárhagsnefndar
- 8: Lagabreytingar: ENGAR.
- 9: Teknar til umræðu aðrar tillögurog önnur mál sem borist hafa til stjórnar. Var það áskorun frá Skotfélagi Akranesi um að endurskoða reglur til Íslandsmeistaratitils. Önnur áskorun frá Skotfélagi Reykjavíkur um breytt mótafyrirkomulag. Þessum tilögum var vísað til Allsherjarnefndar.
- 10: Þinghlé og nefdir taka til starfa.
- 11: Nefndarálit og tillögur, og atkvæðagreiðsla um þær. Allsherjarnefnd ályktar að áskorun SR og SKA verði vísað til mótanefndar og stjórnar STÍ. Nefndin ályktar að halda Íslandsmót í lok tímabils og að fjöldi móta geri kleift að bikarmeistaramót verði löglegt. Einnig leggjum við til að mótanefnd og stjórn reyni að samræma keppnisfyrirkomulag okkar því sem gerist í nágralöndum okkar.
Laganefnd: Engar tilögur komu til hennar.

Fjárhagsnefnd: áætlun fjárhagsnefndar:

Gjöld þjálfun	150.000
Stjórnunarkostnaður	350.000
Greiða skuldir	2.000.000
Annað	450.000
Samtals	2.950.000
Tekjur	
Lotto	800.000
Útbreiðslustyrkur	1.000.000
Mótagjöld	1.000.000
Samtals	2.950.000

Voru þessar tillögur nefndanna ræddar og bornar upp til atkvæðagreiðlu og samþykktar.

12: Ákvörðun á keppnisgjaldi og félagaskiptagjaldi til STÍ. Tillaga kom frá fjárhagsnefnd um 1000 kr. keppnisgjald og 3000 kr. félagaskiptagjald og voru þær tillögur samþykktar.

13: Ákvörðun kærugjalds. Tillaga kom frá stjórn STÍ að fylgja alþjóðagjöldum og var það samþykkt.

14: Kosning formanns, tveggja manna í stjórn og eins í varastjórn. Þingforseti las upp tillögu um Jón S. Ólason sem formann, Guðmund Kr. Gíslason og Steinar Einarsson sem meðstjórnendur og varamann Halldór Axelsson og var sú tillaga samþykkt.

15: Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara. Hilmar Ragnarsson og Jónas Hafsteinsson. Til vara Sigfús Tryggvi Blumenstein og Hannes Haraldsson.

16: Kosning þriggja manna mótanefndar STÍ og þriggja til vara. Mótanefndin Guðmundur Kr. Gíslason, Sveinbjörn Másson og Kjartan Friðriksson. Varamenn Kári Grétarsson, Einar Steinarsson, og Guðmundur H. Brynjarsson.

17: Kosning þriggja manna dómarnefndar í STÍ og þriggja til vara. Halldór Axelsson, Steinar Einarsson og Jóhannes Christensen. Varamenn Víglundur G. Jónsson og Arnfinnur Jónsson.

18: Kosning þriggja manna aganefndar STÍ og þriggja til vara. Jón S. Ólason, Kjartan Friðriksson og Halldór Axelsson. Varamenn Stefán Geir Stefásson, Guðmundur H. Brynjarsson og Jens Magnússon.

19: Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing. Því vísað til stjórnar STÍ.

20: Önnur mál. Jón S. Ólason formaður þakkaði traustið sem honum var sýnt og vonaði að árið framundan yrði betra, en mörg erfið verkefni biðu nýrrar stjórnar. Halldór Axelsson fráfarandi formaður þakkaði mönnum samstarfið á liðnum árum og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

Nokkur önnur mál voru rædd undir liðnum önnur mál meðal annars dómaramál, framkvæmd móta og fleira.

21: Þingforseti þakkaði mönnum gott þing og sleit fundi.